

Reykjavík 2. apríl 2014

## Ráðstöfun orlofssjóðsgjalds Árnassjóðsins árið 2014

Kæru félagsmenn.

Starf Árnassjóðsins á árinu felst í útleigu orlofshúsa og greiðslu orlofsstyrkja til félagsmanna gegn framvísun frumrits reiknings. Félagsmenn geta þannig annað hvort leigt hús eða fengið greiddan orlofsstyrk.

Þeir eiga rétt á fyrirgreiðslu úr sjóðnum og eru á póstlista hans sem gegndu minnst hálfu starfi tímabilið 1. júlí 2013 til 31. desember 2013 og ríkissjóður greiddi orlofsgjald fyrir á tímabilinu.

Á vefsíðu sjóðsins er að finna samþykktir fyrir Árnassjóðinn, úthlutunarreglur sjóðsins svo og almenna lýsingu á orlofshúsum og verðskrá. Vefsíða sjóðsins er: [www.arnessjodur.is](http://www.arnessjodur.is).

Í sumar eru tvö hús til útleigu þ.e. húsin við Götu Mánans og Götu Norðurljósanna í Kjarnaskógi á Akureyri og þurfa umsóknir um sumarleigu í júní, júlí og ágúst að hafa borist sjóðnum fyrir 30. apríl 2014. Þetta er aðeins lengri frestur en tilgreindur er í reglum sjóðsins en ástæðan er sú, að verið er að skoða möguleika á kaupum á nýju orlofshúsi en niðurstaða liggur enn ekki fyrir. Sjóðsfélagar verða látnir vita ef/þegar nýtt hús verður keypt og geta þeir þá sótt um það hús í sumar. Sumarleiga er punktastýrð og er bústöðum úthlutað eftir sérstöku punktakerfi. Ákveðið hefur verið að vikuleigan í sumar á húsinu við Götu Mánans verði kr. 28.000 og kr. 25.000 á húsinu við Götu Norðurljósanna.

Umsóknir um dvöl á orlofstíma skulu sendar til:

Stjórn Árnassjóðsins  
Fjármála- og efnahagsráðuneytinu  
Arnarhvoli við Lindargötu  
150 Reykjavík

Einnig er hægt að senda umsóknir með tölvupósti á [arnessjodurinn@isl.is](mailto:arnessjodurinn@isl.is)

Leigunni á húsinu í Stykkishólmi hefur verið sagt upp frá 31. maí n.k. og er því aðeins hægt að sækja um það til þess tíma.

Umsókn um vetrarleigu er sjálfvirk á vefsíðu sjóðsins.

Beiðni um greiðslu orlofsstyrks vegna ársins 2014 skal hafa borist sjóðnum eigi síðar en 15. janúar 2015. Styrkgreiðslur hefjast 1. október 2014. Tilkynnt verður síðar um upphæð styrksins.

Stjórn Árnassjóðsins skipa:

Ásta Lára Leósdóttir, [asta.lara.leosdottir@fjr.is](mailto:asta.lara.leosdottir@fjr.is), gsm. 847-6437  
Maríanna Jónasdóttir, [marianna.jonasdottir@fjr.is](mailto:marianna.jonasdottir@fjr.is), gsm 82-0014  
A. Snævar Guðmundsson, [snaevar@fastrik.is](mailto:snaevar@fastrik.is), 861-5428

Ákveðið hefur verið að fyrrum sjóðsfélagar geti átt aðild að sjóðnum. Þeir sjóðsfélagar sem njóta fullra réttinda Árnassjóðs við töku lífeyris og hafa greitt framlag í sjóðinn í samtals 5 ár geta viðhaldið rétti sínum til að leigja orlofshús á vetrartíma á sömu kjörum og sjóðsfélagar með því að greiða sem eingreiðslu svokallað ævigjald kr. 20.000. Óski fyrrum sjóðsfélagi aðildar þarf hann að senda umsókn til sjóðsins sem stjórn hans tekur þá fyrir.

Vinsamlegast beinið spurningum eða athugasemdum um starfsemi sjóðsins til sjóðstjórnar með tölvupósti, [arnessjodurinn@isl.is](mailto:arnessjodurinn@isl.is), eða í ofangreind símanúmer.